



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIMBOÐ TIL BESSASTAÐA Á SAFNANÓTT VETRARRHÁTÍÐAR 2012

Í dag, föstudaginn 10. febrúar, verður forsetasetrið að Bessastöðum opið almenningi sem liður í Safnanótt 2012. Gestum býðst að skoða Bessastaðastofu og Bessastaðakirkju milli klukkan 16:00 og 20:00.

Auk hinna merku steinhúsa frá 18. öld geta gestir virt fyrir sér fjölbreytt sýnishorn gjafa, sem forseta og þjóðinni hafa borist, og merkar fornleifar sem veita innsýn í sögu búsetu og starfsemi á Bessastöðum frá landnámstíð. Þá hefur kirkjan ýmsa merka gripi að geyma og fyrsti forsetabíll lýðveldissögunnar, Packard bifreið Sveins Björnssonar, mun standa í hlaði.

Sérfræðingar verða til leiðsagnar auk þess sem nýnemar í fornleifafræði við Háskóla Íslands munu aðstoða starfsfólk við að taka á móti gestum. Séra Hans Guðberg Alfredsson prestur í Garðaprestakalli verður í Bessastaðakirkju og segir frá kirkjunni sem er meðal elstu steinhúsa landsins. Dr. Halldór Björn Runólfsson safnstjóri Listasafns Íslands segir frá þeim fjölmörgu málverkum sem prýða veggum forsetasetursins. Halldóra Pálsdóttir, sem var starfsmaður forsetaembættisins í áratugi, allt frá tíð Ásgeirs Ásgeirssonar forseta, tekur á móti gestum á lofti Bessastaðastofu og segir frá þeim fjölmörgu gripum sem þar má sjá, sýnishornum gjafa til forseta og þjóðarinnar undanfarna áratugi. Þá mun Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur og fagstjóri fornleifa hjá Þjóðminjasafni Íslands segja frá fornleifauppgreftinum á Bessastöðum og leiðsegja gestum um fornleifakjallarann undir Bessastaðastofu.

Loks má benda áhugasömum á fróðleik um Bessastaði og embætti forseta Íslands á heimasíðu embættisins, www.forseti.is

10. febrúar 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Júlíus Ó. Einarsson umsjónarmaður fasteigna (863 6963).